

Grafísk hönnun - Námslýsing

Almennt um námið

Í Grafískri hönnun er veitt ítarlegt, hagnýtt og verkefnadrifið grunnnám í helstu grafikforritum Adobe. Námið byggir á notkun Photoshop (myndvinnsla), InDesign (hönnun og umbrot) og Illustrator (teiknivinnsla) og leggur áherslu á faglega framsetningu auglýsinga- og kynningarefnis fyrir prent og stafræna miðla. Námsleiðin hefur verið ein sú vinsælasta hjá okkur frá upphafi.

Fyrir hverja?

Námsleiðin er fyrir þá sem vilja læra að hanna rafrænt auglýsinga- og kynningarefni, bæklinga og annað myndefni frá grunni. Hún hentar þeim sem vilja skapa eigið efni fyrir samfélagsmiðla og prent, sem og þeim sem stefna á áframhaldandi nám í listnámi eða háskólanámi í grafískri hönnun.

Markmið

Að loknu námi eiga þáttakendur að:

- hafa trausta grunnfærni í helstu grafikforritum Adobe
- geta unnið sjálfstætt að hönnun auglýsinga- og kynningarefni
- skilja samspil myndvinnslu, vektorhönnunar og umbrota
- vera undirbúin fyrir áframhaldandi nám eða störf á sviði grafískrar hönnunar

Námsþættir

MISMUNANDI GERÐ KYNNINGAREFNIS (1 DAGUR)

Farið er í yfirferð námskeiðsins og verkferlið rakið frá hugmynd að fullunnu verki. Kynntir eru helstu boðmiðlar og boðleiðir út á markaðinn. Fjallað er um mismunandi kynningarefni fyrirtækja: hver þau eru og hverjar áherslurnar eru við framsetningu þeirra. Rætt er um ímynd fyrirtækja, möguleika á markaði og margt fleira.

ADOBE PHOTOSHOP (6 DAGAR)

Kennt er á Photoshop-myndvinnsluforritið. Hér er áhersla lögð á ljósmyndir, meðferð þeirra og vinnslu í víðu samhengi. Farið er í helstu aðgerðir forritsins sem snúa að vinnslu ljósmynda, upplausn og margt fleira. Nemendur læra að vinna með myndir, blanda þeim, laga og breyta, svo fátt eitt sé nefnt.

ADOBE ILLUSTRATOR (6 DAGAR)

Kennt er á Illustrator-teikniforritið sem er eitt mest notaða teikniforritið í dag. Lögð er áhersla á að nemendur læri að tileinka sér þær aðferðir sem þarf til að koma góðri hugmynd á tölvutækt form. Nemendur vinna raunhæf verkefni, svo sem auglýsingar, merki og fleira.

ADOBE INDESIGN (6 DAGAR)

Kennt er á InDesign-umbrotsforritið. Lögð er áhersla á að nemendur læri að tileinka sér einfaldar og markvissar aðferðir sem þarf til að koma góðri hugmynd á framfæri. Nemendur vinna raunhæf verkefni, svo sem innskot í tímarit og bæklinga.

MEDHÖNDLUN LITA (1 DAGUR)

Farið er yfir mismunandi litakerfi í myndvinnslunni: RGB, CMYK og fleiri. Einnig er fjallað almennt um litvinnslu.

LETUR OG LETURFRÆÐI (1 DAGUR)

Fjallað er um leturgerðir og leturfjölskyldur og fengist við spurningar eins og: Hvernig á að velja letur? Hvað má og hvað má ekki? Hvaða leturnotkun er vænlegust til árangurs?

SKIPULAG, VISTUN OG FRÁGANGUR (1 DAGUR)

Fjallað er um hvernig er best að skipuleggja verkefni, hvernig á að haga frágangi á verkum til hinna ýmsu miðla, hvernig á að skila af sér verkefnum og hvað er nauðsynlegt að gera og hvað ber að varast.

SAMSKIPTI VIÐ FJÖLMÍÐLA OG PRENTSMÍÐJUR (1 DAGUR)

Í þessum hluta námskeiðsins eru tvær heimsóknir. Farið er í prentsmiðjuna Prentmet og verkferli hennar og prentmöguleikar skoðaðir. Þá er Morgunblaðið heimsótt, þar sem tæknilegur fulltrúi blaðsins sýnir það sem máli skiptir og ræðir við nemendur um vistun og frágang á myndum til prentunar.

LOKAVERKEFNI (3 DAGAR)

Í lokaverkefninu vinna nemendur kynningarpakka fyrir fyrirtæki og fleira. Verkefnið er kynnt snemma á námskeiðinu, unnið af og til meðan á námskeiðinu stendur og svo eingöngu í síðustu tímum. Verkefninu er skilað bæði á útprentuðu og tölvutæku formi. Kennarinn gefur umsögn (einkunn) fyrir lokaverkefnið.

ANNAÐ

Margt af ofangreindu skarast að einhverju leyti, þannig að umfjöllunin er lifandi. Að auki er fjallað um heilmargt annað sem snertir grafíska hönnun. Nefna má almenna umræðu um hönnun, merkjahönnun, markaðsmál, prentmöguleika, pappír, pappírsvál ofl.

Frammistöðumat / Diplóma

Námið er ítarlegt og góður grunnur til að byggja á. Námslínan veitir ekki starfsheitið „grafískur hönnuður“ enda er það lögverndað starfsheiti og það veitir engin bein starfsréttindi.

Áætlað vinnuframlag

Kennslan er áætluð 137 kennslustundir (+90 kklukkustundir) en nemendur sem vilja ná mjög góðum tókum á notkun framangreindra hugbúnaðarlausna þurfa klárlega að leggja á sig heimanám þar fyrir utan.